ÉG ER ÞREFALT HÁSKÓLADROPPÁT

Eiríkur Örn Norðdahl
rithöfundur mun um helgina koma fram á Ljóðahátíðinni Nyhils sem haldin verður í Þjóðleikhúskjallaranum. Eiríkur gaf nýlega út ljóðaþýðingasafn og ljóðabók sem ber heitið Þjónn, það er Fönix í öskubakkanum mínum.



MAÐUR DAGSINS

Hver er maðurinn?
„Maðurinn er andans og ljóðsins, skáld með göt á vösunum."

Hver er menntun þín?
„Ég er þrefalt háskóladroppát án einnar einustu einingar, og þegar ég síðast ákvað að nenna ekki að sitja á skólabekkjum klukkan átta á morgnana, að ég þyrfti að gjöra svo vel að bera ábyrgð á eigin menntun. Síðan þá vel ég mínar eigin skólabækur."

Hvað drífur þig áfram?
„Ástin og ljóðlistin, allajafna, en stöku sinnum, þegar í mig hlaupa ljótir andar, er ég drifinn áfram af pirringi, þótt ég sé ekki stoltur af því."

Hvert er þitt hlutverk á Ljóðahátíðinni Nyhils um helgina?
„Í þetta sinn, í fyrsta sinn, fæ ég að slaka á. Ég varð mér úti um lénsmann sem sér um alla vinnuna fyrir mig. Ég mun því bara spjalla við vini mína, eignast nýja vini, og svo fæ ég víst að lesa upp líka á föstudeginum. Já, og líka á laugardeginum, á Súfistanum skilst mér. Og ég fæ að láta skína í hversu vel ég er gefinn á ráðstefnunni á sunnudeginum."

Hvar er hátíðin?
„Hátíðin er í Þjóðleikhúskjallaranum, föstudags- og laugardagskvöld, og ráðstefnan er í Norræna húsinu eftir hádegi á sunnudag. Svo verður smáupplestur á Súfistanum á Laugavegi á laugardag."

Eigið þið von á mörgum erlendum gestum?
„Það eru sjö stykki. Hinn þungbrýndi og hlægilegi Linh Dinh, a. rawlings sem gagnrýnendur segja „graða og óforskammaða", fjöllistamaðurinn Leif Holmstrand, neðansjávarkafarinn Markku Paasonen, póst-pönkarinn Sean Bonney, femínistapían Vilja-Tuulia Huotarinen og danska heimsósómaskáldið Lars Skinnebach."

Er hátíðin að rísa upp úr lægð?
„Þetta er þriðja skiptið sem hátíðin er haldin, og hún var náttúrulega í lægð áður en hún var fyrst sett í gang og hefur í hvert sinn stækkað að umfangi og glæsileik."

Ertu að skrifa bók?
„Ég er að byrja á nýrri skáldsögu, um mann sem verður fyrir því skelfilega óláni að skipta um skoðun, en slíkt er afar sjaldgæft. Ég var að gefa út ljóðaþýðingasafn og nýja ljóðabók, sem heitir Þjónn, það er Fönix í öskubakkanum mínum, og er búinn að vera að glósa fyrir nýju skáldsöguna í dálítinn tíma. Bráðum fæ ég næði til að skrifa hana, og vonandi verður hún tilbúin fyrir næstu jól."

Hvað er fram undan?
„Fram undan er að fara aftur heim til Helsinki eftir helgi, vinna í þýðingum á ljóðum Allens Ginsberg, sjá hvort ég geti ekki fengið einhver skrifdjobb sem maður fær borgað fyrir og skrifa skáldsögu."